

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

8. ágúst 2017
UST201706-217/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Kaldakinn

Deiliskipulagið nær til um 240 ha svæðis, annars vegar úr landi Köldukinnar og hins vegar Klettholts. Nýtt deiliskipulag er í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og heimilt er að byggja upp aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og léttan iðnað.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið tekur yfir jarðirnar Köldukinn og Klettholt. Í greinargerð segir að landið er algróið og hluti þess er ræktað. Óræktað land er að miklu leiti framræst og hefur verið nýtt til beitar.

Framkvæmdir

Í greinargerð er byggingum skipt í þrjá flokka, byggingar tengdar búskap, byggingar á nýjum landbúnaðarspildum og byggingar á frístundalóðum. Í greinargerð kemur fram að reynt verði að fella byggingar sem best að landi og því byggðamynstri sem er til staðar. Í greinargerð kemur fram að nýbyggingar verði í útjaðri lóðanna til að land spillist sem minnst. Aðkomuvegur og veitur verða samnýttar. Í greinargerð kemur fram að áhrif á lífríki/náttúru og landslag/ásýnd verða staðbundin og engin verndarsvæði eru innan skipulagssvæðisins.


Umsögn

Á korti í greinargerð er sýnd náma en ekki er útskýrt hvernig eigi að nýta hana eða hvort eigi að ganga frá henni.

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar byggingar falli sem best að umhverfi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagstillögu og gerir ekki frekari athugasemdir við tillöguna.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri